

Námskeið og fræðslufundur á vegum Skólaþjónustu Árnesþings Haustönn 2020

Öll námskeið haustannar verða á rafrænu formi. Þátttakendur fá senda slóð inn á fjarfund þegar nær dregur að námskeiði.

<p>Að byrja í grunnskóla -Skólafærninámskeið-</p> <p><i>Ætlað foreldrum barna í 1. bekk/ yngsta stigi, umsjónarkennurum þeirra, öðru starfsfólki og skólastjórnendum.</i></p> <p>Fjallað verður um ábyrgðarhlutverk foreldra gagnvart skólagöngu barnsins og mikilvægi góðs samstarfs skóla og heimilis. Fjallað verður m.a. um félagstengsl og mikilvægi þess að kennarar og foreldrar hlúi að vináttutengslum nemenda. Talmeinafræðingur fjallar um lestur og lestrartileikun. Þá verður foreldrasáttmáli Heimilis og skóla kynntur og mælt með að kennarar og foreldrahópurinn sammælist um reglur sem gildi í bekknum t.d. varðandi útvistartíma, afmælisboð o.fl.</p>	<p>Mánudaginn 7. september kl. 18 – 19:00 Miðvikudaginn 9. september kl. 17:30 – 18:30</p> <p>Hrafnhildur Karlsdóttir og Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafar, Álfhildur Þorsteinsdóttir og Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingar.</p>
<p>Að byrja í leikskóla</p> <p><i>Ætlað foreldrum barna er eru að hefja nám í leikskóla, deildarstjórum, starfsfólki deilda og stjórnendum.</i></p> <p>Fjallað verður um ábyrgðarhlutverk foreldra og mikilvægi góðs samstarf heimilis og leikskóla. Sagt frá leikskólastarfinu, hverju geta foreldrar vænst af leikskóla og hverju getur leikskóli vænst af foreldrum. Fjallað um leik og félagsþroska 12. mán.- 3ja ára, málþroski og málörvun, samvera og lestur, svefn, skjátími, rúttína í daglegu lífi. Einnig verður komið inn á aðlögun og aðskilnaðarkvíða.</p>	<p>Fimmtudaginn 27. ágúst kl. 17:00 – 18:00 Þriðjudaginn 1. september kl. 18:00 – 19:00</p> <p>Hrafnhildur Karlsdóttir og Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafar, Álfhildur Þorsteinsdóttir og Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingar.</p>

Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu nema annað sé tekið fram

Námskeið og fræðslufundur á vegum Skólaþjónustu Árnesþings

Haustönn 2020

<p>Kennsla til vaxtarhugarfars</p> <p>Fjallað er um hvernig kenningar Carol S. Dweck um vaxtarhugarfar (e. growth mindset) og festuhugarfar (e. fixed mindset) nýtast í skólastarfi. Markmiðið er að skoða hvernig kennari getur með kennsluháttum sínum og orðræðu eftt vaxtarhugarfar nemenda sinna og mögulega eigið hugarfar, ásamt því að breyta áherslum í námi, kennslu og kennsluaðferðum.</p>	<p>Fimmtudagur 17. september kl. 14:30 – 15:30</p> <p>Hildur Lilja Guðmundsdóttir grunnskólakennari. <u>Þátttökugjald: 2.500 kr.</u></p> <p>Skráning hér</p>
<p>Orðaforði tvítýngdra leikskólabarna</p> <p>Fjallað verður um máltöku tvítýngdra barna, málörvun og orðaforðakennslu barna af erlendum uppruna. Skoðaðar verða árangursríkar aðferðir sem efla málfarslegan þroska og framfarir í tileinkun íslensku sem annað mál.</p>	<p>Miðvikudagurinn 23. sept. kl. 14:30-16:00</p> <p>Anna Stefanía Vignisdóttir talmeinafræðingur og Kristín Arna Hauksdóttir kennsluráðgjafi.</p> <p>Skráning hér</p>
<p>Erindi um leirlistakennslu</p> <p>Fjallað verður um mikilvægi skapandi greina með áherslu á leirlist. Komið verður að mikilvægi þess að nemendur fái að tækifæri til þess að móta í leir og hvað það gerir fyrir nemandann. Leirmótun höfðar sterkt til barna á öllum aldri og gefur þeim tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt. Fjallað verður um möguleika á samþættingu námsgreina. Hvernig má skapa tækifæri kennara og nemenda til þess að kynnast leirlist með keramikker.</p>	<p>Fimmtudagur 24. september kl. 14:00 – 15:00</p> <p>Hrönn Waltersdóttir keramikhönnuður. <u>Þátttökugjald: 2.500 kr.</u></p> <p>Skráning hér</p>
<p>Kynning á HLJÓM-2</p> <p>Andrea Anna Guðjónsdóttir, sérfræðingur frá Menntamálastofnun fjallar um HLJÓM-2 prófið og hvernig gagnlegast sé koma til móts við þarfir nemenda út frá niðurstöðum prófsins.</p>	<p>Miðvikudagur 30. september kl. 14:30 – 15:30</p> <p>Skráning hér</p>

Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu nema annað sé tekið fram

Námskeið og fræðslufundur á vegum Skólaþjónustu Árnesþings

Haustönn 2020

<p>Seesaw: kynning og vinnustofa</p> <p>Vinnustofa þar sem umsjónarmaður kynnir Seesaw forritið og alla þá fjölmörgu möguleika sem það býður upp á fyrir kennslu á öllum stigum. Þátttakendur munu fá sýnikennslu og gert ráð fyrir að þeir hafi með sérvinnutæki (fartölvu/sphaldtölvu) til að feta sig áfram undir handleiðslu umsjónarmanns.</p>	<p>Fimmtudagur 8. október kl. 14:30 – 16:00</p> <p>Ólöf Kristín Knappett Ásgeirsdóttir umsjónarkennari.</p> <p>Skráning hér</p>
<p>Klámhorf unglinga</p> <p>Rætt er opinskátt um klámahorf ungmenna, hvernig samskipti kynjanna og valdaójafnvægi í klámi sýnir skakka mynd af kynlífi og hvaða áhrif það getur haft á ungt fólk. Rætt er um klámvæðinguna og hvernig hún birtist í dagurmenningunni. Skoðuð eru samskipti ungmenna á samfélagsmiðlum og aukningu á kynferðislegri áreitni. Rýnt er í muninn á kynlífi og klámi og ræddar leiðir til að nálgast umræðuefnið í kennslustund.</p>	<p>Miðvikudagur 4. nóvember kl. 14:00-16:00</p> <p>Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur.</p> <p><u>Þátttökugjald: 2.000 kr.</u></p> <p>Skráning hér</p>
<p>SOL, spjallað og leikið í grunnskóla</p> <p>Fjallað verður um hve mikilvægur málþroski er fyrir allt nám og hve félags- og málþroski eru nátengdir. Þá verður fjallað um hvernig nota má málfarslega leiki í sérkennslu, inni í bekk sem hluta af námsefni, í heimakrók eða spjalli fyrir einstaklinga og hóp. Einnig verða kynntir verða stuttir hnitmiðaðir leikir sem styrkja ákveðna þætti í málþroska barna. Námskeiðið byggist meðal annars á leikjum úr bókinni SOL-spjallað og leikið: leikir með tungumálið fyrir börn sem alast upp við eitt eða fleiri tungumál.</p> <p>Athugið að boðið verður upp á samskonar námskeið fyrir leikskólakennara á vorönn</p>	<p>Þriðjudaginn 9. nóvember kl. 14:00 - 15:30</p> <p>Hólfríður Árnadóttir talmeinafræðingur og Margrét Tryggvadóttir sérkennslufræðingur.</p> <p>Skráning hér</p>

Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu nema annað sé tekið fram